

# Samþykktir fyrir Samveitur Garðabæjar

## 1. Almenn

### 1. gr. *Skilgreining*

Samveitur Garðabæjar (SG) er sjálfstætt veitufyrirtæki, sem er í eigu Garðabæjar. Veitusvæði SG er Garðabær og önnur svæði sem veitukerfi SG taka til á hverjum tíma.

### 2. gr. *Tilgangur*

Tilgangur SG er að hafa umsjón með almennum veitukerfum í Garðabæ, annast lagningu slíkra kerfa, eftirlit, rekstur, viðhald og endurnýjun þeirra, svo og önnur skyld starfsemi, eftir því sem bærstjórn ákveður á hverjum tíma.

### *Markmið* 3. gr.

Bærstjórn er heimilt að fela SG að annast rekstur vatnsveitu í Garðabæ, sbr. 2. gr., þar á meðal að annast uppbyggingu vatnsveitu bæjarins, virkjun vatnsbóla, aðra vatnsöflun, dreifingu og sölu vatns innan sveitarfélagsins, svo og til annarra eftir því sem lög heimila eða mæla fyrir um. Bærstjórn er einnig heimilt að fela SG að annast innheimtu vatnsgjalds og annarra gjalda, þ.m.t. aukavatnsgjalds, vegna afhendingar og sölu á vatni.

Bærstjórn er heimilt að fela SG með sama hætti rekstur hvers konar holræsa- og frárennisliskerfa innan sveitarfélagsins og á öðrum svæðum sem slík kerfi ná til, þ.m.t. hvers konar dælu- og hreinsistöðva.

Bærstjórn getur ákveðið að SG skuli annast orkuöflun, orkudreifingu og orkusölu, þ.m.t. á raforku og varmaorku og öðrum orkugjöfum, í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma um sölu og dreifingu slíkrar orku.

### 4. gr. *Yfirstjórn*

Bærstjórn kýs SG sérstaka stjórn sem starfar í umboði bærstjórnar og í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar. Stjórn SG er skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara, og er hún kjörin hlutfallskosningu í bærstjórn Garðabæjar til

jafnlengdar kjörtímabili bæjarstjórnar. Bæjarstjórn kýs formann stjórnarinnar. Stjórnin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum.

Stjórnarfundir eru lögmætir, ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Um fundarsköp skal fara samkvæmt sveitarstjórnarlögum og samþykkt um stjórn og fundarsköp bæjarstjórnar Garðabæjar, eftir því sem við á.

Stjórn SG skal setja fyrirtækinu skipurit, sem staðfest skal í bæjarstjórn.

Stjórnin gerir tillögu að verðskrár vegna einstakra rekstrarþátta, sem lagðar skulu fyrir bæjarstjórn, sem tekur um þær endanlega ákvörðun, eftir því sem lög ákveða. Stjórnin semur og fjárhagsáætlun fyrir SG, sem staðfest skal í bæjarstjórn. Allar ákvarðanir stjórnar, sem teljast mikilsverðar, varða verulega fjárhagslega hagsmuni eða eru óvenjulegar, öðlast ekki gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar í bæjarstjórn.

Halda skal fundargerð um stjórnarfundi og skulu fundargerðir stjórnar sendar bæjarstjórn til kynningar, en til ákvörðunar ef efni standa til.

#### 5. gr.

##### *Framkvæmdastjóri*

Stjórn SG gerir tillögu um ráðningu framkvæmdastjóra (veitustjóra) til sveitarstjórnar, en framkvæmdastjóri skal ráðinn af sveitarstjórn. Framkvæmdastjóri hefur á hendi framkvæmd stefnu stjórnar fyrirtækisins. Skal hann og vinna sjálfstætt að stefnumótun þess og áætlanagerð. Hann annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins, allar framkvæmdir þess og undirbúning þeirra, sjóðvörslu og reikningshald og ráðningu starfslíðs. Hann kemur og fram fyrir þess hönd í öllum málum, sem varða venjulegan rekstur.

Framkvæmdastjóri skal sitja stjórnarfundi þar sem hann hefur málfrelsi og tillögurétt. Framkvæmdastjóri getur krafist þess að boðað sé til stjórnarfundar.

Framkvæmdastjóra ber að veita stjórn, endurskoðanda og bæjarráði allar upplýsingar um rekstur fyrirtækisins, sem þeir kunna að óska eftir á hverjum tíma eða veita ber samkvæmt lögum.

Stjórn SG skal setja framkvæmdastóra erindisbréf í samráði við sveitarstjórn, þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans.

#### 6. gr.

##### *Stofnefnahagur*

Bæjarstjórn er heimilt að færa til eignar í stofnefnahagsreikningi SG hvers konar verðmæti í eigu Garðabæjar, sem tengjast veitum og veitukerfum bæjarins, og sem ákveðið er að skuli falla til SG. Með sama hætti er heimilt að færa til skuldar í stofnefnahagsreikningi SG gjöld, lán og kostnað, sem stofnað hefur verið til vegna þeirra veitukerfa sem um ræðir. Stofnefnahagsreikningur SG skal staðfestur í

bæjarstjórn, svo og þær breytingar sem síðar verða gerðar á efnahag SG vegna yfirtöku veitukerfa eða annarrar starfsemi.

7. gr.

*Rekstur og reikningshald*

SG hefur sjálfstætt reikningshald. Rekstri fyrirtækisins skal þannig hagað, að tekjur standi straum af öllum greiðsluskuldbindingum, svo sem afborgunum á áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun mannvirkja og tækja. Við það skal miðað, að SG skili eðlilegum arði miðað við það fjármagn, sem eigandi fyrirtækisins leggur fram og eftir því sem lög standa til. Ákvörðun um ráðstöfun arðsins skal tekin af bæjarstjórn.

Rekstur hinna ýmsu þátta í starfsemi SG skal aðgreindur reikningslega og fjárhagslega í samræmi við þarfir SG og lagaáskilnað. Aðgreiningunni skal háttáð þannig að unnt sé að sannreyna raunverulegan kostnað af einstökum þáttum veitustarfseminnar, sem bæjarstjórn hefur falið SG. Sameiginlegum kostnaði skal skipt á hinar ýmsu deildir samkvæmt góðri reikningskilavenju og í samræmi við áætlun, sem staðfest skal af stjórn SG.

Við rekstur SG skal þess gætt, að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaréttar- eða verndaðri starfsemi.

8. gr.

*Þátttaka í skyldri starfsemi*

SG er heimilt að starfa á ýmsum tæknisviðum í því skyni að stuðla að bættri nýtingu dreifikerfis síns, enda sé sá rekstur bókhaldslega aðskilinn frá öðrum rekstri. SG er heimilt að eiga önnur fyrirtæki að öllu leyti eða með öðrum, þ.m.t. hlutafélag, er vinna að framgangi einstakra verkefna, sem tengd eru starfssviði SG.

9. gr.

*Gildistaka*

Samþykkt þessi öðlast gildi, þegar hún hefur verið staðfest í bæjarstjórn.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar 23. nóvember 2000.

## Ákvæði til bráðabirgða

### I.

#### *Vatnsveita Garðabæjar*

SG yfirtekur starfsemi Vatnsveitu Garðabæjar frá og með 1. janúar 2001. SG yfirtekur eignir og skuldir Vatnsveitu Garðabæjar miðað við sama dag. Verðmæti eigna og réttinda fyrirtækisins, sbr. 6. gr., skal endurmetið við yfirtöku SG. SG yfirtekur með sama hætti allar skuldbindingar, skyldur og réttindi vatnsveitunnar með sérstakri tilkynningu bæjarstjórnar og SG til viðsemjenda þeirra, enda helst ábyrgð bæjarsjóðs óbreytt á öllum fyrri skuldbindingum vatnsveitunnar. Þrátt fyrir setningu reglugerðar þessarar skulu áfram vera í gildi tengiskilmálar og verðskrár Vatnsveitu Garðabæjar, þar til endurskoðun þeirra hefur farið fram.

Rekstur SG á vatnsveitu í Garðabæ skal vera í samræmi við lög nr. 81/1991 um vatnsveitur sveitarfélaga, og reglugerðir sem settar eru skv. þeim.

### II.

#### *Holræsi og önnur frárennsliskerfi*

Bæjarstjórn getur með sérstakri samþykkt, sbr. 2. mgr. 3. gr., falið stjórn SG að hefja undirbúning þess, að SG taki yfir holræsakerfi bæjarins og önnur frárennsliskerfi, og rekstur þeirra, svo og að annast innheimtu holræsagjalda í Garðabæ.

Um mat á eignum og skuldum sem tengjast holræsum og rekstri þeirra skal þá fara skv. 6. gr. Um holræsi og rekstur þeirra skal fara skv. vatnalögum, nr. 15/1923.

### III.

#### *Um orkuveitur*

Bæjarstjórn getur með sérstakri samþykkt falið stjórn SG að hefja undirbúning þess, að SG annist orkuöflun, og dreifingu og sölu á orku innan Garðabæjar og á öðrum svæðum, eftir því sem lög heimila á hverjum tíma. Getur bæjarstjórn í þessu sambandi falið stjórn SG að leita eftir samningum við eigendur orkuveitukerfa í Garðabæ um yfirtöku þeirra, og yfirtöku orfudreifingar og orkusölu í Garðabæ eftir því sem lög og samningar þar að lútandi heimila.

Komi til þess að SG hefji vinnslu, dreifingu og sölu á orku, skal stjórn SG gera tillögu að reglugerð(um) og gjaldskrá(m) fyrir orkusöluna. Skulu þær samþykktar af bæjarstjórn og staðfestar af ráðherra, eftir því sem lög standa til.